

ÁRSPING BRIDGESAMBANDS ÍSLANDS (BSÍ) 2021

FUNDARGERÐ

Fundarstjóri: Guðmundur Baldursson	Árspaning nr. :	72
Fundarritari: Sigurður Páll Steindórsson	Staður:	Síðumúli 37
Fundargestir:	Dagsetning:	9.5.2021
	Frá kl.:	15:00
	Til kl.:	16:30
	Næsta árspaning: Fyrir lok mars 2022	
Jafet Ólafsson	Forseti	
Ólöf Þorsteinsdóttir	Framkvæmdastjóri	
Guðný Guðjónsdóttir	Stjórnarmaður (1 atkv. BR)	
Gunnar Björn Helgason	Stjórnarmaður (1 atkv. Mkl.)	
Sunna Ipsen	Varamaður í stjórn	
Bernóðus Kristinsson	Bf. Kópavogs (1 atkv.)	
Erla Sigurjónsdóttir	Bf. Hafnarfj. (2 atkv.)	
Garðar Valur Jónsson	Bd. Breiðf. (1 atkv.)	
Gunnlaugur Karlsson	Áheyrnarfulltrúi	
Halldór Þorvaldsson	Bf. Miðvikudagskl. (1 atkv.)	
Hjálmar Pálsson	Bf. Kópavogs (1 atkv.)	
Hrannar Erlingsson	Bf. Miðvikudagskl. (1 atkv.)	
Hörður Rúnar Einarsson	Bd. Breiðf. (1 atkv.)	
Jörundur Þórðarson	Bf. Kópavogs (1 atkv.)	
Kristinn Kristinsson	Bf. Akureyrar (2 atkv.)	
Kristján Már Gunnarsson	Bf. Selfoss (1 atkv.)	
Loftur Pétursson	Bf. Kópavogs (1 atkv.)	
Sigrún Þorvarðardóttir	Bf. Reykjavíkur (1 atkv.)	
Símon Sveinsson	Bf. Selfoss (1 atkv.)	
Skúli Skúlason	Bf. Ak. – sumar (2 atkv.)	
Sveinn Rúnar Eiríksson	Miðvikudagskl. (1 atkv.)	
Þorgerður Jónsdóttir	Bf. Reykjavíkur (1 atkv.)	

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1-2	<p><u>Þingsetning</u></p> <p>Jafet Ólafsson, forseti BSÍ, bauð alla gesti velkomna og setti þingið.</p> <p>Að tillögu Jafets var Guðmundur Baldursson skipaður fundarstjóri og Sigurður Páll Steindórsson fundarritari.</p> <p>Fundarstjóri tilnefndi Gunnar Björn Helgason, Sunnu Ipsen og Hrannar Erlingsson til kjörbréfanefndar og var það samþykkt einróma.</p>
3	<p><u>Kjörbréf</u></p> <p>Eftir yfirferð kjörbréfa tilkynnti kjörbréfanefnd að samtals hefðu fulltrúar á þinginu rétt á 21 atkvæði (af 33 mögulegum). Sjá nánar lista yfir fundargesti að ofan.</p>
4	<p><u>Uppstillingarnefnd</u></p> <p>Í uppstillingarnefnd voru valin, að tillögu fundarstjóra, Kristján Már Gunnarsson, Sveinn Rúnar Eiríksson og Þorgerður Jónsdóttir.</p>
5a	<p><u>Skýrsla stjórnar</u></p> <p>Jafet fór yfir starfsemi sambandsins frá síðasta þingi og ýmis önnur mál.</p>

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
	<p>Starfsemin hefur skiljanlega litast mikið af COVID-ástandinu en von er að hefðbundin spilamennska geti hafist aftur í lok sumars eða í haust.</p> <p>Stefnt er að veglegu móti í september í tilefni af því að 30 ár eru liðin frá heimsmeistaratitli Íslands í bridge.</p> <p>BSÍ hefur ítrekað sótt um styrki til Reykjavíkurborgar vegna Bridgehátíðar en án árangurs. Skáksambandið hefur fengið sambærilega styrki vegna Reykjavíkurskákómótsins.</p> <p>Ætlunin er að nota vettvang BSÍ á Facebook meira til að koma á framfæri tilkynningum og fréttum af bridge.is.</p>
5b	<p><u>Ársreikningar</u></p> <p>Jafet gerði grein fyrir ársreikningum tveggja tímabila, annars vegar fyrir tímabilið 1.9.2019 til 31.8.2020 og hins vegar fyrir tímabilið 1.9.2020 til 31.12.2020.</p> <p>Sambandið er skuldlaust og eignir samtals yfir 40 m.kr. Fasteign BSÍ í Síðumúla er skráð á um 30 m.kr. í ársreikningum en hefur hins vegar verið metin á um 80 m.kr. nýlega.</p>
5c	<p><u>Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga</u></p> <p>Loftur benti á að munur á opinberum styrkjum til BSÍ og Skáksambandsins gæti stafað af því að Skáksambandið stæði fyrir meira barna- og unglingsstarfi.</p> <p>Sigrún Þorvarðardóttir vakti athygli á háum kostnaði vegna ræstinga. Jafet greindi frá því að kostnaður vegna ræstinga hefði aukist vegna krafna af völdum COVID.</p> <p>Hörður Rúnar spurði hvort eðlilegt væri að fasteign BSÍ væri skráð í ársreikningum mun lægra en samkvæmt nýlegum fasteignamati. Stjórnin mun skoða þetta atriði nánar.</p>
6	<p><u>Fastanefndir</u></p> <p>Gunnar Björn steig í pontu og greindi frá starfsemi laga- og keppnisreglunefndar. Lítið hefur verið gert vegna COVID.</p> <p>Sveinn Rúnar greindi frá starfsemi mótanefndar sem hefur einnig verið lítil. Þó var haldin bikarkeppni sumar 2020 og svo eitt og eitt mót síðastliðinn vetur, svo sem Íslandsmót eldri spillara og Íslandsmót kvenna í sveitakeppni. Að öðru leyti hefur starfsemin að mestu legið niðri.</p>
7	<p><u>Lagabreytingar</u></p> <p>Jafet lagði fram tillögu að nýjum lögum BSÍ. Um er að ræða endurskoðun á lögnum í heild en helstu breytingar eru nýtt reikningsár og ný dagsetning ársþings.</p> <p>Hrannar kvaddi sér hljóðs og fór yfir athugasemdir við nýju lögin og lagði fram sex breytingartillögur á nýju lögnum.</p> <p>Kristján Már lagði í kjölfarið til að nýju lögin yrðu ekki lögð fyrir þingið að þessu sinni heldur endurskoðuð og yfirfarin, sérstaklega með tilliti til breytingartillagna Hrannars, og lögð fyrir aftur sem heild á næsta ársþingi. Gerði hann að tillögu sinni að nýju lögin yrðu birt með góðum fyrirvara til umsagnar og með skýrum samanburði við eldri lögin.</p> <p>Jörundur var sammála þessari nálgun Kristjáns Márs og lagði til að hvorki yrði kosið um nýju lögin né breytingartillögur Hrannars en í staðinn yrði kosið sérstaklega um tvö einstök atriði úr nýju lögnum, þ.e. breytingu á reikningsári og nýja dagsetningu ársþings.</p> <p>Þessar tillögur Kristjáns og Jörundar voru samþykktar og dró Jafet tillögu að nýjum lögum til baka. Ný stjórn mun koma í farveg heildarendurskoðun á lögum fyrir næsta ársþing.</p>

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
	Breyting á reikningsári og ný dagsetning ársþings, samkvæmt því sem fram kom í tillögu að nýjum lögum, voru hvoru tveggja samþykktar einróma með öllum greiddum atkvæðum.
8	<u>Kosning forseta og stjórnar</u> Kristján Már lagði fram tillögu uppstillingarnefndar að skipan forseta og stjórnar fyrir næsta kjörtímabil. Jafet var kosinn forseti áfram en auk hans var kosin ný aðalstjórn, skipuð Guðnýju Guðjónsdóttur, Gunnari Birni Helgasyni, Hrannari Erlingssyni og Sigurði Páli Steindórssyni. Í varastjórn voru kosin Gunnlaugur Karlsson og Sunna Ipsen.
9	<u>Kosning dómstóls BSÍ</u> Kosin var óbreytt skipan dómstóls BSÍ. Dómstólinn skipa Bjarni H. Einarsson, Guðmundur Baldursson, Helgi Bogason, Kristján Már Gunnarsson, Jón Þorvarðarson, Ragnar Magnússon og Pétur Guðjónsson.
10	<u>Kosning löggilts endurskoðanda</u> Guðlaugur R. Jóhannsson var endurkjörinn endurskoðandi BSÍ.
11	<u>Kosning skoðunarmanna reikninga</u> Endurkjörnir voru skoðunarmenn reikninga, þeir Sigurjón Harðarson og Ari Kr. Sæmundsen. Varamenn voru einnig endurkjörnir, þeir Hrannar Erlingssson og Þórunn Pálsdóttir.
12	<u>Ákvörðun árgjalds</u> Samþykkt var að árgjald yrði hækkað í 150 kr. (úr 130 kr. áður) fyrir hvern spilara.
13	<u>Önnur mál</u> <ul style="list-style-type: none"> - Jafet þakkaði traustið en tilkynnti að hann hygðist hætta sem forseti að loknu næsta ársþingi. Jafet bað fundargesti að rísa úr sætum til að minnast Þrastar Ingimarssonar. Síðar bað hann gesti að rísa einnig úr sætum til að minnast Sigurðar Sverrissonar. Jafnframt þakkaði Jafet fráfarandi stjórnarmönnum, Ingimundi Jónssyni og Pétri Reimarssyni, fyrir samstarfið. Loks ræddi Jafet nánar útbreiðslustarf fram undan og fjárhag sambandsins. - Gunnlaugur Karlsson þakkaði fyrir kosningu til stjórnar og ræddi um netspilamennsku. Ljóst er að netspilamennska hefur aukist mikið í COVID og mætti skoða nánar að innleiða aukna netspilamennsku í mótum á vegum BSÍ, t.d. bikarkeppninni. - Jörundur þakkaði Vigfúsi Pálssyni og Þórði Ingólfssyni sérstaklega fyrir framlag þeirra til netspilamennsku undanfarna mánuði. Einnig gerði hann að umtalsefni möguleika að nýta minibridge í útbreiðslustarf í skólum og frístundarheimilum. Vakti hann athygli á að hann hefði lagt fram tillögu á fyrra ársþingi að nýta minibridge í útbreiðslustarf og ráða sérstakan starfsmann til að sinna þessu starfi. Þessi tillaga hefði verið samþykkt á sínum tíma en lítið gerst í þessum málum. Ný stjórn tekur málið fyrir. - Sigrún Þorvarðardóttir spurði um nýja heimasíðu BSÍ. Sigurður Páll svaraði því til að unnið hafi verið talsvert í nýrri síðu án þess þó að hún hafi verið endanlega kláruð. Ætlunin er að fá Hrannar og Ólaf Steinason til að koma að heimasíðugerðinni og markmiðið er að ný síða verði tilbúin sem allra fyrst. <p>Jafet þakkaði í kjölfarið gestum fyrir komuna og sleit þinginu.</p>